

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/543**

2024/EES/25/53

frá 9. mars 2023

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar úthlutun til aðildarríkjanna á mati á virkum efnum, sem samþykki fyrir rennur út á bilinu frá 31. janúar 2029 til 1. október 2035, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 ⁽²⁾ er mati á virkum efnum úthlutað til skýrslugjafaraðildarríkis og meðskýrslugjafaraðildarríkis í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun. Þar eð mati á virkum efnum, sem samþykki fyrir rennur út á tímabilinu frá 31. janúar 2029 til 1. október 2035, hefur ekki enn verið úthlutað til skýrslugjafaraðildarríkis eða meðskýrslugjafaraðildarríkis er rétt að slík úthlutun fari fram nú.
- 2) Úthlutunin ætti að vera með þeim hætti að tryggt sé að ábyrgðinni og vinnunni verði dreift jafnt á milli aðildarríkjanna.
- 3) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 73, 10.3.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 frá 26. júlí 2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnum, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (Stjtið. ESB L 200, 27.7.2012, bls. 5).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. mars 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 er eftirfarandi E-hluta bætt við:

„E-HLUTI

Úthlutun á mati á virkum efnum sem samþykki fyrir rennur út á bilinu frá 31. janúar 2029 til 1. október 2035

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
1-metýlsýklóprópen	DE	EL
2,4-D	DE	EL
2,4-DB	EL	IE
ABE-IT 56	FR	PT
Asetamípríð	DE	ES
Asíbensólar-S-metýl	ES	BE
<i>Ampelomyces quisqualis</i> af stofni AQ10	SE	NL
<i>Bacillus amyloliquefaciens</i> af stofni FZB24	DE	AT
<i>Bacillus subtilis</i> af stofni IAB/BS03	ES	AT
<i>Beauveria bassiana</i> af stofni 203	DK	NL
<i>Beauveria bassiana</i> af stofni IMI389521	SE	NL
<i>Beauveria bassiana</i> af stofni PPRI 5339	SE	NL
Bensósýra	HU	CZ
Karfentrasónetýl	FR	DE
Karvón	IT	NL
Serevísan	ES	DE
<i>Clonostachys rosea</i> af stofni J1446	HU	AT
<i>Coniothyrium minitans</i> af stofni CON/M/91-08	AT	EE
COS-OGA	FR	HR
Sýhalófópbútýl	CZ	BE
Sýpermetrín	CZ	DE
Dímetenamíð-P	BE	DE
Etófúmesat	AT	FI
Fenhexamíð	BE	CZ
Járnfosfat	PL	DK
Ferrípýrófosfat	CZ	FR
Flasasúlfúrón	ES	PL
Flórasúlam	CZ	FR
Flórpýráxifenbensýl	FR	IT
Flútíaníl	DE	EL
Foramsúlfúrón	FR	SK
Forklórfenúrón	ES	BE

Joðsúlfúrón	BE	FR
Ípróvalíkarb	SE	LV
<i>Isaria fumosorosea</i> af stofni Apopka 97	NL	AT
Ísoxaflútól	SE	BE
Lamínarín	EL	FR
Lavandúlýlsenesíóat	SE	NL
Malínhýdrasíð	SI	IT
Mefentríflúkónasól	ES	FR
Mesósúlfúrón	PL	SE
Mesótríón	NL	SK
Metalaxýl-M	DE	EL
Vægt pepínómósaíkveirueinangur VC1	FR	DE
Vægt pepínómósaíkveirueinangur VX1	FR	DE
<i>Pasteuria nishizawae</i> Pn1	NL	DK
Pepínómósaíkveira af stofni CH2, einangur 1906	FI	BE
Petoxamíð	AT	FR
<i>Phlebiopsis gigantea</i> af stofni FOC PG 410.3	EE	FI
<i>Phlebiopsis gigantea</i> af stofni VRA 1835	EE	FI
<i>Phlebiopsis gigantea</i> af stofni VRA 1984	EE	FI
Píkólínafen	LT	IT
Própoxykarbasón	SE	BE
Pýraflúfenetýl	DE	FR
Pýridat	AT	DE
Pýriproxýfen	ES	BE
<i>Saccharomyces cerevisiae</i> af stofni LAS02	EL	AT
Silþíófam	NL	IE
Natríumvetniskarbónat	AT	FR
Súlfósúlfúrón	IE	SE
Þiabendasól	NO	ES
Þífensúlfúrónmetýl	FR	DK
Tóklófosmetýl	FI	SE
Tríbenúrón	FR	SE
<i>Trichoderma atroviride</i> af stofni SC1	SI	NL
Trífloxýstróbín	HR	DE
<i>Verticillium albo-atrum</i> af stofni WCS850	NL	SE
Soxamíð	BE	PL“